Þorvaldur Arason, póstafgreiðslumaður á Víðimýri

Gjöri kunnugt, að ég byggi Gísla bónda Benidiktssyni á Stóru-Seilu eignarjörð mína Álftagerði í Seiluhrepp í Skagafjarðarsýslu, sem er 10 hundruð að dýrleika, með skilmálum þeim, er nú skal greina.

1.

Í leigu eftir eitt áskuðarkúgildi, sem jörðunni fylgir, skal hann greiða 20 – tuttugu – pund af hreinu velverkuðu smjéri, hvert haust fyrir Mikalsmessu á heimili mínu.

2.

Í landskuld af jörðunni skal hann gjalda á heimili mínu í fardögum árhvert 8 – átta – sauði veturgamla, gelda og gallalausa og að öllu í fullgildu lagi.

3.

Hann skal greiða alla þá skatta og skyldur, sem á jörðunni hvíla eftir lögum þeim, er nú gilda, eður síðar kunna sett að verða, og halda uppi öllum lögskilum af henni, landsdrottni kostnaðarlaust að öllu.

4.

Hann skal leggja stund á að rækta vel tún og engi jarðarinnar og vinna hvorttveggja upp árlega.

5.

Hann skal sjálfur halda við kúgildi jarðarinnar, og ábyrgjast það. Einnig ber honum að halda við húsum jarðarinnar og bæta þau að viðum og veggjum eftir þörfum

6.

Þegar leiguliði flytur frá jörðunni eða andast, skal hann, eða bú hans, skila jörðunni og öllu því, sem henni fylgir í fullgildu standi, eða með álagi eftir mati úttektarmanna.

7.

Hann má ekki byggja öðrum af leigujörð sinni né taka húsfólk nema landsdrottinn leyfi. Eigi má hann heldur án leyfis landsdrottins ljá öðrum engi, mótak, torfristu eða beit, sem leigulandi hans fylgir.

8.

Með þessum skilmálum er Gísla Benediktssyni heimil ábúð jarðarinnar Alflagerðis í 10-tíu- ár, en bregði hann útaf í nokkru, hefir hann fyrirgert ábúðarrétti sínum. Vilji hann fara frá jörðunni, áður en ábúðartíminn er á enda, skal hann segja henni lausri fyrir jól næstu á undan þeim fardögum, er hann ætlar að flytja burt.

Í þeim atriðum, sem ekki eru greind hér að framan, fer um skyldur og réttindi landsdrottins og leiguliða eins og lög 12. janúar 1884 mæla fyrir.

9.

Af byggingarbréfi þessu eru gerð tvö samhljóða frumrit, og heldur landsdrottinn öðru, en hitt afhendist leiguliða, er skilar því við burtför sína frá jörðunni.

Ég undirskrifaður Gísli Benidiktsson geng að framanskrifuðum byggingarskilmálum og skuldbind mig til að halda þá í öllum greinum.

Víðimýri 19. janúar 1904.

Þorvaldur Arason    Gísli Benidiktsson

Vitundarvottar:
Björn Björnsson
Benedikt Halldórsson

Snúið við.

Með því Gísli Benediktsson hefir með samþykki minu afsalað sér framangreindu jarðnæði til Tómasar Skúlasonar á Ytra-Vatni; þá byggi ég hér með nefndum Tómasi Skúlasyni eignarjörð mína Álftagerði með skilmálum þeim, sem bréf þetta sýnir, að því undanteknu að ábúðartíminn er að eins 3- þrjú ár.

Víðimýri 30. april 1904

Þorvaldur Arason

Ég Tómas Skúlason á Ytra-Vatni geng að þessum skilmálum og skuldbind mig til að halda þá í öllum greinum

Staddur að Víðimýri 30. april 1904

Tómas Skúlason

Þorvaldur Arason, póstafgreiðslumaður á Víðimýri

Gjöri kunnugt, að ég byggi Gísla bónda Benediktssyni á Stóru-Seilu eignarjörð mína Álftagerði í Seiluhrepp í Skagafjarðarsýslu, sem er 10 hundruð að dýrleika, með skilmálum þeim, sem nú skal greina.

1.

Í leigu eftir eitt ásauðarkúgildi, sem jörðunni fylgir, skal hann greiða 20 – tuttugu – pund af hreinu, velverkuðu smjöri, hvert haust fyrir Mikaelsmessu á heimili mínu.

2.

Í landskuld af jörðunni skal hann gjalda á heimili mínu í fardögum á hverju 8 – átta sauði veturgamla, gelda og gallalausa og að öllu í fullgildu lagi.

3.

Hann skal greiða alla þá skatta og skyldur, sem á jörðunni hvíla eftir lögum þeim, er nú gilda, eða síðar kunna sett að verða, og halda uppi öllum lögskilum af henni, landsdrottni kostnaðarlaust að öllu.

4.

Hann skal leggja stund á að rækta vel tún og engi jarðarinnar og vinna hvorttveggja upp árlega.

5.

Hann skal sjálfur halda við kúgildi jarðarinnar, og ábyrgjast þau. Einnig ber honum að halda við húsum jarðarinnar og bæta þau að viðum og veggjum eftir þörfum.

6.

Þegar leiguliði flytur frá jörðunni eða andast, skal hann eða bú hans skila jörðunni og öllu því, sem henni fylgir í fullgildu standi, eða með álagi eftir mati úttektarmanna.

7.

Hann má ekki byggja öðrum af leigujörð sinni né taka húsfólk nema landsdrottinn leyfi. Eigi má hann heldur án leyfis landsdrottins ljá öðrum engi; mótak, torfristu eða beit sem leigulandi hans fylgir.

8.

Með þessum skilmálum er Gísla Benidiktssyni heimilt ábúð jarðarinnar Álftagerðis í 10-tíu-ár, en bregði hann útaf í nokkru, hefir hann fyrirgert ábúðarrétti sínum. Vilji hann fara frá jörðunni, áður en ábúðartíminn er á enda, skal hann segja henni lausri fyrir jól næsta á undan þeim fardögum, er hann ætlar að flytja burt.

Í þeim atriðum, sem ekki eru greind hér að framan, fer um skyldur og réttindi landsdrottins og leiguliða eins og lög 12. janúar 1884 mæla fyrir.

9.

Af byggingarbréfi þessu eru gerð tvö samhljóða frumrit, og heldur landsdrottinn öðru, en hitt afhendist leiguliða, er skilar því við burtför sína frá jörðunni.

---

Eg undirskrifaður Gísli Benidiktsson geng að framanskrifuðum byggingarskilmálum og skuldbind mig til að halda þá í öllum greinum.

Víðimýri 19. janúar 1904.

Þorvaldur Arason     Gísli Benidiktsson

Vitundarvottar:
Björn Björnsson
Benedikt Halldórsson